

„Það er margt sem angrar, en
ekki er það þó biðin“

Árni Páll Árnason

Um höftin

- Forsagan
- Greinarnar mínar
- Útfærsla SA á hugmyndum mikilvæg og lofsverð
- Allir sammála um vandamálið

Stóri vandinn

- Við erum ekki einhuga um leiðina út
- Fyrir vikið er stór hættá á að höft festist í sessi
- Síðast leiddi stefnuleysi okkur til 60 ára haftatímabils

Aftur eða fram?

- Við sækjum um aðild, en erum tviátta í ferlinu
- Við viljum afslátt af aflandskrónustöðu kröfuhafa, en erum ekki tilbúin að segja að þeir verði að öðrum kosti læstir inni lengi
- Við viljum að aflandskrónueigendur veiti okkur afslátt og taki þátt í tilboðum Seðlabankans, en veitum áfram fulla ríkisábyrgð á innstæðum allra stofnanafjárfesta í íslenskum bönkum

Fram eða aftur?

- Samstillts átaks þörf
- Mikil óvissuferð framundan
- Allir viðurkenna í orði mikilvægi samstilltrar hagstjórnar, en ekkert er gert til að byggja hana upp

Hvað kostar biðin?

„Það er margt sem angrar, en ekki er það þó biðin,
því ég sé það fyrst á rykinu, hve langur tími er liðinn“

Megas – Tvær stjörnur

Tvívættur vandi:

Hvað tekur við eftir höft

Aflandskrónurnar

Tiltrúin

- Eftir hrun verður krónan varnarlaus í ólgusjó
– gríðarlega viðkvæm án væntinga um upptöku evru
- Mikilvægt að byggja trúverðugar varnir sem rúmast innan EES
- Ríkisfjármál og skuldastaða þjóðarbúsins verða að styðja við frjáls viðskipti á markaði
 - afgangur á rekstri ríkissjóðs
 - lækkandi sjálfbær skuldastaða

Aflandskrónurnar

- Bara tvær einfaldar leiðir til að leysa aflandskrónuvandann:

- Að ganga í ESB og taka upp evru

Þá mun aflandskrónustabbinn breytast í evrur á einni nóttu og vandinn leysast

- Að læsa landinu, afneita alþjóðlegu viðskiptakerfi og hóta því að höftum verði viðhaldið í a.m.k. 60 ár – og vera tilbúin að standa við slíka hótun

Þá munu allir aflandskrónueigendur vera tilbúnir að fara út með miklum afslætti og aflandskrónustabbinn vinnast hratt niður

Einföldu leiðirnar eru ekki nóg

- Sú fyrri er ekki í hendi fyrr en eftir nokkur ár og aðild ekki í boði nema afnámsferli hafta sé a.m.k. hafið
- Seinni leiðin mun hafa afdrifaríkar afleiðingar
- Aðild okkar að innri markaðnum er líka í húfi
- Engin leið að bíða þess að hefjast handa við að takast á við stöðuna

Leiðin áfram

- Tillögur SA góður grunnur og á þeim má byggja
- Umgjörð um stöðu heimilanna lykilatriði
- Tímasetningar erfiðar – fjárlög í haust og kosningar í apríl 2013

Getum við sameinast um eitthvað?

Ríkisfjármálin skipta öllu máli

- Grundvallarforsenda að almenn samstaða sé um að reka beri ríkissjóð með afgangi og greiða niður skuldir
 - Ef ríkissjóður er rekinn með halla er vonlaust mál að afnema höft
 - Ef fjárlög halda ekki fullnægjandi aðhaldsstigi þannig að afgangur verði á ríkisrekstri 2014 er illmögulegt að hefja afnámsferlið
 - Óvissa um stjórnarstefnu eftir kosningar mun eyðileggja ferlið

Við verðum að skapa víðtæka samstöðu um meginmarkmiðin, ef þetta verkefni á að takast

Verkefni sumarsins

- Skuldbinding allra flokka á þingi og aðila vinnumarkaðarins um að standa við markmið um jöfnuð í ríkisfjármálum ekki seinna en 2014 og um að Maastricht-skilyrðum verði náð sem allra fyrst
Þessi fyrirheit eru jafnt forsenda sjálfstæðrar krónu og upptöku evru
- Skuldbinding allra flokka á þingi og aðila vinnumarkaðarins um að afnámsferli verði hafið í kjölfar þingkosninga á næsta vori

Tíminn fram að kosningum:

- Flokkar sem ekki styðja aðild geta þróað trúverðugan valkost um peningamálastefnu
- Styrkjum frekar áætlun um afnám hafta
 - Spítum í lófana
- Hefjum afnám ríkisábyrgðar á innstæðum
- Útfærum skuldabréfaútboðin til 30 ára og bjóðum aflandskrónueigendum þann kost
- Útfærum í samningum við ESB aðkomu sambandsins að viðskiptum á gjaldeyrismarkaði með krónur eftir afnám

Örlagatímar

- Er eitthvað öruggt?
 - Ríkisskuldabréf?
 - Grikkland?
- Ísland verður að vera *opið* og *varið* hagkerfi
 - í alþjóðasamstarfi
 - varið fyrir sveiflum
 - til áratuga

Rötum við saman leiðina út?